

Breyting á aðalskipulagi - Íbúðarsvæði 202 vestan Böggvisbrautar

Sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar leggur til að Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar 2008-2020 verði breytt á eftirfarandi hátt.

Skipulagslýsing vegna deiliskipulags svæðisins var auglýst í janúarlök 2024 og lýsing fyrirhugaðrar breytingar á aðalskipulagi í byrjun apríl 2025. Breytingin felst í stækkun íbúðarsvæðis 202-Íb til samræmis við tillögu að deiliskipulagi svæðisins. Norðvesturmörkum er breytt lítillaga og svæðið stækkað suður fyrir vegslóða að Böggvisdal. Norðurmörkum stofnanasvæðis Dalvíkurkirkju (305-S) er breytt lítillaga og hefur það hvorki áhrif á aðstöðu né nýtingu kirkjulóðarinnar.

Deiliskipulagstillaga er unnin í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags. Breyting á aðalskipulagi er í góðu samræmi við stefnu og meginatriði aðalskipulagsins.

Breytingar á greinargerð

Engin breyting er gerð á meginþexta greinargerðar. Breytingar eru gerðar á yfirliststöflum í köflum 4.3.1 Dalvík og 4.4 Svæði fyrir þjónustustofnanir. Skipulagsákvæði fyrir 202-Íb eru uppfærð.

Gildandi skipulag:

Kaflí 4.3.1 [Íbúðarsvæði] Dalvík

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing*	Skipulagsákvæði
202-Íb	3,3	Ofan Böggvisbrautar utan kirkju.	Óskipulagt, óbyggt.	Sérbýlishús, blönduð byggð. Þéttleiki 10-15 íb/ha.
305-S	0,7	Dalvíkurkirkja.	Dalvíkurkirkja.	Óbreytt.

Breytt skipulag: Breytingar feitletraðar.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing*	Skipulagsákvæði
202-Íb	4,6	Ofan Böggvisbrautar utan kirkju.	Óskipulagt, óbyggt.	Blönduð byggð sérbýlishúsa og fjölbýlishúsa, 1-3 hæðir. Þéttleiki 10-15 íb/ha.
305-S	0,6	Dalvíkurkirkja.	Dalvíkurkirkja.	Óbreytt.

* Lýsing: Nauðsynlegar/gagnlegar upplýsingar um staðhætti eða skipulagslega stöðu við gerð skipulags eða breytingar og fela ekki í sér skipulagsákvæði.

Breytingar á þéttbýlisuppdraetti Dalvíkur

Landnotkunarreitir 202-Íb er stækkaður til norðvesturs og suðurs. Mörkum stofnanasvæðis 305-S er breytt lítillaga.

Umhverfismatsskýrsla

Í umhverfismatsskýrslu deiliskipulagstillögu er gerð grein fyrir líklegum áhrifum breytingarinnar á umhverfi og samfélag. Matið er ekki endurtekið hér.

a) Yfirlit

Sjá inngang.

b) Líkleg umhverfisáhrif

Breytt mörk íbúðarsvæðis 202-Íb hefur hvorki áhrif á vistkerfi, sem njóta sérstakrar verndar, né menningarminjar. Um er að ræða raskað land innan þéttbýlis. Áhrif á vatnafar, gróðurfar og dýralíf eru lítil sem engin umfram óbreytt aðalskipulag. Stefnt er að því að hagnýta blágrænar ofanvatns-lausrir á svæðinu.

Uppbygging hefur áhrif á ásýnd svæðisins og bæjarmynd Dalvíkur. Áhrifin eru háð útfærslu og skal stefnt að því að þau verði jákvæð með áherslu á góða byggingarlist.

c) Raunhæfir valkostir

Breytingin er í samræmi við stefnu gildandi aðalskipulags um þróun byggðar á Dalvík og er sérstök kostagreinin því óþörf.

Liðir d) – f) sbr. 14. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 eiga ekki við.

